



Knattspyrnufélagið Þróttur
Engjavegi 7, 105 Reykjavík
Tilv/Borgarráð 02, 2019
Efni/Aðstaða Þróttar og grunnskóla í Laugardal til íþróttaiðkunar og -kennslu

Reykjavík 12.11. 2019

Formaður borgarráðs Reykjavíkur
Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Afrit: Dagur B. Eggertsson, Eyþór Arnalds, Katrín Atladóttir, Heiða Hilmisdóttir, Hjálmar Sveinsson, Pawel Bartozsek, Líf Magneudóttir, Vigdís Hauksdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Kolbrún Baldursdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir, Ómar Einarsson, Ingvar Sverrisson, Frímenn Ari Ferdinandsson.

Ágæti viðtakandi.

Á sviði hverfisbundinna íþróttar- og íþróttakennslu hefur þjónusta við börn og unglunga í Laugardalnum ekki verið sú sama og í öðrum hverfum borgarinnar. Borgaryfirvöld hafa mörg undanfarin ár verið hvött af kurteisi til að jafna þennan mun en hingað til hafa stofnanir hverfisins talað fyrir daufum eyrum. Með þessu bréfi er þessi hvatning endurtekin enn og aftur. Laugardalurinn verður fjölmennasta hverfi borgarinnar árið 2030 samkvæmt áætlunum borgarinnar sjálfrar og enn er fullkomlega óljóst hvernig þörf fyrir íþróttaiðkun á vegum skóla og íþróttafélaga verður svarað. Ekki er að sjá að með neinum hætti sé tekið á þessari stöðu í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2020 og ekki er heldur hægt að sjá aðgerðum neinn stað í svokallaðri 5 ára áætlun. Þetta er bagalegt fyrir þessa aðila sem saman mynda ásamt fleirum grunnstoðir þjónustu við börn og unglunga í hverfinu. Það getur tæplega talist sérstök tilætlunarsemi að óska eftir því úr þessu ástandi verði bætt og vill Knattspyrnufélagið Þróttur skora á borgarráð að gera ráð fyrir uppbyggingu á vegum félagsins í fjárhagsáætlun sem nú er til umræðu.

Í þessu bréf er enn og aftur farið yfir aðstöðumál Knattspyrnufélagsins Þróttar og grunnskólanna í Laugardal og það frumkvæði sem aðalstjórn Þróttar hefur átt að samstarfi við önnur íþróttafélög og Reykjavíkurborg um nauðsynlega uppbyggingu. Jafnframt liggja fyrir hugmyndir Þróttar að uppbyggingu til næstu 5 ára (2019 – 2024) sem nýtast jafnt grunnskólunum, Gímufélaginu Ármanni, frístundastarfi yngri barna og Þrótti.

Hugmyndir Þróttar um uppbyggingu

Áætlun Þróttar um uppbyggingu aðstöðu nær til næstu fimm ára (2019 – 2024), hún er metnaðarfull en samt ekki kostnaðarsöm, umfangsmikil en ekki plássfrek, byggir á samvinnu stofnana í hverfinu og svarar þörfum þeirra allra, áætlunin er græn (nýbygging á bílastæði, lítt notað bílastæði tekið í notkun í stað þess sem hverfur) og í henni er ekki gert ráð fyrir að nein græn svæði, umfram þau sem þegar eru nýtt, fari undir íþróttaiðkun. Samkvæmt átætluninni fær félagið íþróttahús sem það samnýtir með skólum og Ármanni og knattspyrnuvelli sem nýtast allt árið til að svara þeirri fjölgun sem orðið hefur og fyrirjáanleg er. Síðast en ekki síst byggir áætlunin á því að Þróttur afsali sér – gegn samkomulagi um uppbyggingu – tveimur stórum lóðum í Laugardalnum sem Reykjavíkurborg getur þá nýtt til annarrar uppbyggingar. Við teljum semsagt að þarna séu slegnar margar flugur í einu höggi.

Uppbyggingaráætlun

- Nýtt íþróttahús (2019 – 2022)
- Nýir gervigrasvellir á Valbjarnarvelli (2019 -2020)
- Nýtt gervigras á Aðalvöll (2021)
- Lagfæringar á svæði við Aðalvöll (2019 – 2022)
- TBR svæði afhent Rvk. til afnota (2021)
- Nýtt gras á Þríhyrningi (2022)
- Nýtt gras á kastsvæði norðvestan Valbjarnavallar (2023)
- Suðurlandsbrautarvöllur afhentur Rvk. til afnota (2023)
- Búningsklefar við Valbjarnarvöll (2024)

Aðstaða Þróttar

Innanhúsiþróttir:

Ekki hefur verið staðið við samninga sem gerðir voru við Þrótt þegar félagið flutti úr Sæviðarsundi í Laugardal. Þá var félaginu lofað að það fengi 30 tíma á viku í Laugardalshöll og hefði forgang að höllinni. Sem stendur hefur félagið 20 tíma á viku en vikur jafnan eins og kunnugt er fyrir annarri starfsemi sem ætlaður er staður í Laugardalshöll, fyrir tónleikum, ráðstefnum, sýningarhaldi, úrslitaleikjum í bikarkeppni sérsambanda og landsleikjum. Nærri lætur að félagið tapi um 30% allra æfinga á hverju ári vegna þessa. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur félagið ekki fengið þetta bætt með tímum í öðrum íþróttahúsum í nærumhverfinu, enda eru þau ekki til. Félagið hefur við illan leik haldið úti rekstri innanhúsiþróttar í handknattleik og blaki þar sem aðstaðan er ekki fyrir hendi. Er nú svo komið að handknattleikur er aðeins stundaður af drengjum og blak af stúlkum og báðar greinar eru orðnar mjög fámennar. Mfl. félagsins í handknattleik æfir m.a. í Grafarvogi og blakkonur og -stúlkur í Vogaskóla auk Laugardalshallar.

Knattspyrna.

Knattspyrnudeild félagsins er nú – samkvæmt tölum ÍBR – orðin ein sú stærsta í Reykjavík. Iðkendum hefur fjölgað um 70% á síðustu 5 árum. Aðstaða félagsins er því löngu sprungin. Þróttur hefur yfir að ráða einum gervigrasvelli og 4 svæðum öðrum sem hvert um sig nýtist 4 mánuði á ári.

Gervigras:

Völlurinn hefur látið gríðarlega á sjá enda er nýting hans langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Völlurinn er nýttur meira en 2000 klukkustundir á ári. Suma daga eru á einum og sama tímanum um 150 börn á vellinum við æfingar og í fyrsta sinn í haust hefur félagið þurft að fella niður æfingar vegna plássleysis. Leyfi til notkunar vallarins í efstu deild rennur út í júlí 2020 og fullyrða má að það fái ekki endurnýjað eins og málum er háttað, víða eru grasplötur farnar að gliðna í sundur og holur hafa myndast í völlinn. Úttekt var síðast gerð árið 2017.

Náttúrulegt gras

Valbjarnarvöllur og Þríhyrningur (norð-austan aðalvallar) eru mjög laskaðir og hefur lítt verið haldið við. Bæði svæðin eru auk þess stórskemmd eftir tónleikahald undanfarinna ára á Secret Solstice. Suðurlandsbrautarvöllur hefur aldrei verið endurbættur þrátt fyrir mistök í lagnakerfi sem valda því að hann verður eins og mýri í rigningum (drenar ekki) og sömu sögu má segja af TBR-velli, norðan við heimili TBR. Girðingar eru víða lélegar og svæðin opin fyrir umferð.

Samanburður við önnur félög

Þróttur minnir á í þessu samhengi að langur vegur er frá því að börn og unglingar á svæði félagsins standi jafnfætis börnum og unglingum í öðrum hverfum borgarinnar aðstaða til íþróttaiðkunar í þeim greinum sem Þróttur stundar er borin saman við aðstöðu annara. Hér fylgir listi yfir yngri iðkendur í knattspyrnu (6 – 16 ára) sem sýnir þetta svart á hvítu. Þar sést m.a. að vetraraðstaða Þróttar er sambærileg aðstöðu Leiknis sem hefur 4 sinnum færri iðkendur í þessum aldurshópi en Þróttur.

Félag	Staðsetning	Iðkenda fjöldi (6 – 16 ára)	Íþróttahús á eigin forræði	Aðgangur að knaþhúsi	Gervigrasvellir	Samkomul um uppbyggingu
Fjölnir	Grafarvogur	769	2	1	2	Já
Fram	Háleiti/Úlf.d	768	1 (2 m. Safamýri)		1 (2 m. Safamýri)	Já
Þróttur	Laugardalur	757	Nei		1	Nei
KR	Vesturbær	690	2		2	Já
Valur	Hlíðar	641	1		3	Já
Fylkir	Árbær	612	1		2	Já
Víkingur	Bústaðahv.	597	1 (2 m. Safamýri)		2 (3 m. Safamýri)	Já
ÍR	Breiðholt	403	1	1 (í smíð.)	1	Já
Leiknir	Breiðholt	184	Nei		1	Nei

Aðstaða til skólaípróttar.

Ekki er aðstaða barna og unglinga í Laugardal skárri þegar kemur að skólaípróttum eins og borgaryfirvöldum hefur áður verið gerð grein fyrir. Í sameiginlegri ályktun Þróttar og stjórnenda Laugarnesskóla og Lauglækjarskóla frá 18.09. 2018 kom m.a. eftirfarandi fram:

„Skólaráð Laugalækjar- og Laugarnesskóla ... ítreka að sár skortur er á ípróttaaðstöðu innandyra fyrir börn og unglinga í Laugardal. Fyrir utan Laugardalshöllina sem gegnir að miklu leiti hlutverki ráðstefnu- og sýningarhallar auk þess að vera vettvangur landsleikja og landsliðsæfinga, er ekkert ípróttahús í hverfinu, hvorki við skóla né á vegum ípróttafélags, sem rúmar ípróttakennslu eldri barna og eða æfingar eða keppni í vinsælum greinum eins og handknattleik eða körfubolta.

Vart þarf að minna á að aldrei hefur verið byggt ípróttahús við Laugalækjarskóla þrátt fyrir margítrekaðar óskir og ípróttahús Lauganesskóla er áratuga gamalt og dugar aðeins til kennslu allra yngstu barnanna. /.../ Börn og unglingar í Laugardal njóta því ekki sjálfsagðra réttinda á við börn í öðrum hverfum er varðar ípróttæfingar og skólar hafa um margra ára skeið ekki getað uppfyllt námskrá á sviði ípróttar.“

Samstaða í Laugardalnum um uppbyggingu

Undanfarin ár verið unnin á vegum borgarinnar með þátttöku allra hlutaðeigandi, greiningarvinna á þörfum Þróttar, Ármanns, grunnskólanna í nágrenninu og nú síðast Frístundar. Niðurstaða þeirrar vinnu er sú að bæði Ármann og Þrótt skortir verulega aðstöðu fyrir sína iðkendur, skólana skortir aðstöðu til ípróttakennslu og Frístund skortir aðstöðu til að sinna þeim börnum sem þurfa á gæslu að halda. Sú lausn sem lögð hefur verið til að hálfu þessara aðila allra saman, miðar að því að leysa öll þessu mál á einu bretti. Þróttur hefur haft frumkvæði að þessari vinnu og efndi til samstarfs við Ármann um sameiginlega uppbyggingu sumarið 2016. Fundir voru með ÍSÍ, KSÍ, HSÍ, FRÍ, ÍBR, ÍTR, hverfisráði og mörgum fleirum sem tengjast Laugardalnum frá hausti 2016. Unnið hefur verið með skólastjórnendum og skólaráðum til að tengja saman hugmyndir um uppbyggingu ípróttafélags og ípróttakennslu og með Tendra arkitektum að skipulagshugmyndum og útfærslu þeirra í ljósi annarra hugmynda um uppbyggingu í Laugardalnum. Í stuttu máli má segja að alger samstaða ríki um þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram.

Vinna með Reykjavíkurborg undanfarin ár

2017/18

Starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á vegum Þróttar og Ármanns skipaður í mars 2017. Áfangaskýrsla vegna ípróttahúss lögð fyrir borgarráð 15. febrúar 2018. Niðurstaða:

- „Nýju ípróttahúsi í Laugardal, samkvæmt því hlutverki sem því er ætlað, er að mati hópsins **best fyrirkomið á bílastæði við félagsheimili Þróttar**. Nægjanlegt rými er fyrir hendi og hægt að grafa húsið niður til draga úr áhrifum þess á nágrennið.

2018

Úttekt ÍBR fyrir ÍTR um nýtt ípróttahús í Laugardal fyrir Þrótt og Ármann og nýtingu þess.

“Þar sem Höllin er aðal ípróttahús Þróttar í handbolta og blaki má segja að stækkun og þróun þessara deilda sé vart möguleg. Á meðan svo margir dagar falla niður í Laugardalshöll á hverjum vetri vegna

viðburða er ljóst að ekki er von til að ástandið breytist. /.../ Nú liggur fyrir vinna starfshóps sem skoðaði mögulega uppbyggingu íþróttahúss við Laugaból sem mætti nýta bæði af Þrótti og Ármanni. Rætt hefur verið um að byggja sal sem gæti verið þrískiptur með tveimur handboltavöllum og einum körfuknattleiksvelli þegar æfingar eru en einnig virðist koma til greina að salurinn verði tvískiptur./.../ Ef fjölgað yrði í flokkum í handbolta og blaki hjá Þrótti og farið væri eftir reglum ÍBR og ÍTR um hámarks heildarmínútufjölda fyrir hvern flokk sem og fjölgað um nokkra æfingartíma í körfubolta hjá Ármanni eftir sömu reglum þyrfti heildarfjöldi æfingartíma í klukkustundum að vera 207.”

Hið nýja hús nær ekki heildarfjölda æfingartíma í 207 á viku, það er ekki nóg stórt til þess.”

Með öðrum orðum þá munu Þróttur og Ármann áfram þurfa að nota Laugardalshöll til æfinga og keppni þrátt fyrir að byggt væri nýtt hús. Áhyggjur af lakri nýtingu Laugardalshallar eru því óþarfar.

2018/19

Rýnihópur á vegum borgarinnar skilaði niðurstöðu í mars 2019. Þar sagði m.a.:

- Með byggingu nýs íþróttahúss á bílastæði við núverandi félagsheimili Þróttar, leysast fjölmörg vandamál má þar nefna aðstöðumál íþróttafélaganna Þróttar og Ármanns, aðstöðuleysi Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla til íþróttakennslu sem og skortur á frístundaðstöðu fyrir Laugarnes-, Laugalækjar- og Vogaskóla.
- Með tengingu við Vogaskóla ætti íþróttapátttaka barna í Vogahverfinu að aukast, en hún er töluvert minni en í öðrum hverfum Laugardalsins.
- Áætluð stærð hússins hæfir vel þeirri nýtingu sem því er ætlað að rúma.
- Með því að tengja rekstur frístundaheimilis við mögulega íþróttamiðstöð skapast tækifæri til samnýtingar íþróttarýma, fundarherbergja og sala og annarra rýma sem að öðrum kosti yrði að byggja upp sérstaklega við hvern skóla og börnin í hverfum Laugardalsins fá tækifæri til að nýta það einstaka umhverfi sem dalurinn er.

2019

Borgarstjóri skipaði í upphafi árs 2019 stýrihóp sem m.a. var ætlað að gera áætlun um uppbyggingu (forgangsroðun) íþróttamannvirkja í Reykjavík. Í hópnum voru: Pawell Bartoszek MÍT, formaður Katrín Atladóttir MÍT, Hjálmar Sveinsson MÍT, Ingvar Sverrisson ÍBR og Guðrún Ósk Jakobsdóttir ÍBR. Hópurinn skilaði svo af sér áfangaskýrslu í sumar þar sem uppbyggingu var raðað upp í forgangsroð. Orðrétt segir:

- Fyrir liggur greinargerð og hugmyndir um íþróttahús fyrir Knattspyrnufélagið Þrótt og Gímufélagið Ármann á bifreiðastæðum vestan gervigrasvallar í Laugardal.
- Í húsnæðinu yrði æfinga- og keppnisaðstaða fyrir handbolta, blak og körfubolta. Í húsinu gæti einnig farið fram íþróttakennsla á vegum Laugarnes- og Laugalækjarskóla o.fl. skóla. Einnig væri hægt að koma fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimili.
- Þróttur hefur lagt fram tillögur um að gervigras verði sett á æfingavöll félagsins. ÍBR hefur lagt fram minnisblað um hvernig nýting Laugardalshallar gæti orðið ef þetta hús rís. Fulltrúar Þróttar komu á fund stýrihópsins.
- Stýrihópurinn telur að þessi uppbygging sé brýnni en önnur uppbygging (landliðin) í Laugardalnum. Æskilegt er að hefja skipulagsvinnu og rýni á rekstrarforsendum eins fljótt og kostur er.

Fjárhagslegur ávinningur

Samnýting íþróttahúss við Þróttaraheimili sparar Reykjavíkurborg mikla fjármuni. Aldrei verður hjá því komist að reisa nýtt íþróttahús í Laugardal fyrir íþróttir og/eða skólastarf og óhjákvæmilegt er að færa knattspyrnuaðstöðu Þróttar til nútímahorfs með jafnræðissjónarmið á milli hverfa að leiðarljósi. Með því að reisa nýtt íþróttahús og færa félags- og búningaáðstöðu Þróttar í það, er jafnframt hægt að leysa hrópandi aðstöðuleysi Ármenninga og þörf þeirra fyrir nýtt félagshús, eins og óskir hafa verið um.

Fjárfesting - sparnaður

- Nýtt íþróttahús við Laugalækjar- og/eða Laugarnesskóla verður óþarft
- Uppbygging nýrrar Frístundar í Laugardal verður óþörf
- Nýtt félagsheimili fyrir Ármann, búningaáðstaða o. fl. verður óþarft
- Uppbygging vegna körfuboltaíðkunar Ármenninga rúmast í nýju húsi

Rekstur - sparnaður

- Samnýting íþróttahúss Þróttar og tveggja skóla
- Samnýting með Frístund á mannvirki og útisvæði
- Leiga sparast á íþróttamannvirkjum fyrir skóla og íþróttafélög
- Samnýting starfsfólks og tækja
- Almennur rekstur og viðhald húsnæðis á vegum borgarinnar

Í ljósi alls þessa sem hér hefur komið fram og þeirra upplýsinga sem borgarfulltrúar hafa fengið frá Þrótti, ýmist á fundum eða eftir öðrum leiðum, er óskað eftir skýrri afstöðu Reykjavíkurborgar til þeirra hugmynda sem Þróttur hefur lagt fram og að þeim verði fundinn staður í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2020.

f.h. Knattspyrnfélagsins Þróttar



Finnboogi Hilmarsson, formaður